HAGSMUNARÁÐ LANDSNETS FUNDAR UM FRAMTÍÐ RAFORKUMÁLA Á ÍSLANDI TIL 2030

SAMANTEKT VINNUSTOFA # 1 & 2

31 MARS 2020

LANDSNET

HAGSMUNARÁÐ



VINNUFUNDUR HAGSMUNARÁÐS LANDSNETS 12.11.2019

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA



Markmið vinnustofunnar var tvíþættur. Í fyrra lagi að þátttakendur tækjust á við að skilgreina mögulega framtíðarsýn á stöðu orkumála á Íslandi árið 2030. Unnið var í litlum hópum á vinnuborðum, þar sem einstaklingar lögðu fram tillögur við borðið, ræddu við kollega sína við borðið og skiluðu fundarstjóra svörum frá borðinu.
Í öðru lagi var unnið með ólíkar leiðir við uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, þar sem þátttakendur unnu áfram í hópum við að skilgreina og tilgreina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri hverrar leiðar sem kynntar voru á vinnustofunni.

Þátttakendur tókust hressilega á við framtíðarsýnina og skiluðu hugmyndum til Landsnets, ásamt því að vera mikilvægt framlag frá Hagsmunaráði til næstu tveggja funda sinna, sem væri hægt að vinna með sambærilegum hætti, til að skila vel unnum niðurstöðum til Landsnets.

Með hönnun vinnustofunnar er kominn vettvangur fyrir Hagsmunaráð til að horfa til framtíðar og velta upp ólíkum sviðsmyndum sem þróun raforkumála getur tekið á sig á Íslandi á næsta áratug. Á vinnustofunni var unnið með eina kjarnaspurningu, sem lögð var fyrir fundarmenn:

Á hvaða hátt er staða raforkumála á Íslandi gjörbreytt árið 2030?

Þegar niðurstöður vinnustofunnar liggja fyrir mun Hagsmunaráð halda áfram vinnu við sviðsmyndir, þemu og leiðir, með tilliti til hlutverks Hagsmunaráðs og framlagi þess til stjórnenda Landsnets.

VINNUFUNDUR HAGSMUNARÁÐS LANDSNETS 30.01.2020

TILGANGUR VINNUSTOFUNNAR









Markmið vinnustofunnar er að leiða til lykta þá vinnu sem hófst með vinnu Hagsmunaráðs þann 12.11.2019. Að lokinni þeirri vinnustofu lágu fyrir 14 skilgreind atriði sem fulltrúar í Hagsmunaráði höfðu komið sér saman um að myndu skipta mestu máli á komandi árum til að gerbreyta stöðu raforkumála á Íslandi árið 2030. Á þeim fundi mátu fundarmenn mikilvægi þeirra 14 atriða sem samkomulag var um að myndu spila hlutverk og fundarmenn mátu núverandi stöðu eða frammistöðu í framkvæmd þeirra 14 málefna. Þá unnu fundarmenn að mati á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum sem kæmu í ljós, þyrfti að byggja á, bregðast við eða gera sér grein fyrir að myndu fylgja framkvæmdum við hverja af þremur línuleiðum við uppbyggingu flutningskerfisins til framtíðar.

Til að leiða þessa vinnu til lykta munu þátttakendur á fundinum forgangsraða málefnunum 14 frá fyrri fundi, ásamt því að leggjast í aðeins meiri vinnu. Sú vinna felst í því að ræða, meta og greina þau málefni sem þátttakendur á fundinum forgangsraða. Þau málefni sem fundurinn telur brýnust verður unnið með á borðum þar sem þátttakendur tilgreina þær breytingar sem geta orðið í stóra samhenginu og haft áhrif á framkvæmd síns málefnis.

Greiningarramminn sem er notaður á vinnustofunni kallast PESTLE og því munu þátttakendur greina ógnanir og tækifæri sem þeirra málefni stendur frammi fyrir eða getur nýtt sér út frá fimm sjónarhornum. Sjónarhornin fimm eru stjórnmálalegir þættir sem geta haft áhrif á framvindu málefnisins, efnahagslegir þættir, samfélags- og menningarlegir þættir, tæknilegir þættir, lagalegir þættir og umhverfislegir þættir.

Framlag vinnufundarins til Landsets liggur í því, að þátttakendur í greiningunni koma víða að úr samfélaginu og bjóða því breiða sýn á þau málefni sem vinnustofuröð Hagsmunaráðsins hefur dregið fram sem mikilvæg fyrir Landsnet í vinnu sinni við langtímauppbyggingu raforkukerfisins á Íslandi.

SKILAGÖGN VINNUSTOFU #2

Fyrri skilagögn: Forgangsröðun 14 megin málefna sem varða langatímauppbyggingu raforkukerfisins.

Seinni skilagögn: Greining á ógnunum og tækifærum sem langtímauppbygging raforkukerfisins stendur frammi fyrir, frá sjónarhóli stjórnmálalegrar þróunar, efnahagslegrar þróunar, samfélagslegrar- og menningarlegrar þróunar, tæknilegrar þróunar, lagalegrar þróunar og umhverfislegrar þróunar.

Forgangsröðun megin málefna sem varða langatíma-uppbyggingu raforkukerfisins.

1 **Það hefur tekist að byggja raforkukerfið í samræmi við þarfir**

Í fyrsta sæti í forgangsröðun þátttakenda á vinnustofu Hagsmunaráðs með 20 forgangsstig.

2 **Orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti er lokið**

Í öðru til þriðja sæti í forgangsröðun þátttakenda á vinnustofu Hagsmunaráðs með 9 forgangsstig.

3 **Sátt náðist um skipulag orkumála í gegnum orkustefnu**

Í öðru til þriðja sæti í forgangsröðun þátttakenda á vinnustofu Hagsmunaráðs með 9 forgangsstig.

4 **Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda**

Í fjórða sæti í forgangsröðun þátttakenda á vinnustofu Hagsmunaráðs með 6 forgangsstig.

Stjórnmálalegir þættir

- Hvenær eru næstu kosningar? Hvernig gætu niðurstöður þeirra haft áhrif á stefnu stjórnvalda?
- Hverjir eru líklegastir til að halda í stjórnartaumana? Hver er skoðun þeirra á viðfangsefninu sem gætu haft áhrif á það?
- Gætu núverandi frumvörp, reglugerðir eða stefnumál stjórnmálaflokka varðandi skatta eða aðra lagasetningu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á viðfangsefnið?
- Aðrir pólitískir þættir sem geta haft áhrif?

Efnahagslegir þættir

- Hversu stöðugt er efnahagslífið? Er vöxtur, stöðnun eða samdráttur?
- Eru tekjur heimila og einstaklinga að aukast eða minnka? Hvernig er kaupmátturinn að þróast? Hvernig gæti kaupmáttarþróunin verið á næstu árum?
- Hvert er atvinnuleysisstigið? Verður auðvelt að manna störfin í atvinnulífinu? Eða verður það dýrt að ráða fólk með nauðsynlegan bakgrunn, reynslu og þekkingu í störfin í greininni?
- Er auðvelt fyrir atvinnulífið að fá lán hjá bönkum? Eða fyrir neytendur? Hvaða áhrif getur þetta haft á viðfangsefnið?
- Hvernig snertir alþjóðavæðing ykkur og viðfangsefnið?
- Eru aðrir efnahagslegir þættir sem er vert að tilgreina?

Samfélags- & menningarlegir þættir

- Hvernig getur mannfjöldaþróunin orðið á næstu árum og aldurssamsetning í samfélaginu. Mun það hafa áhrif?
- Eru einhver kynslóðaskipti fyrirsjáanleg með ólíkum gildum eða áherslum?
- Hvernig er heilsufarið hjá þjóðinni og menntunarstig? Eru fyrirsjáanleg einhver breyting á þessum þáttum?
- Hvernig er atvinnuþátttakan og þróun starfa á vinnumarkaði? Eða þróun á viðhorfi til vinnu og starfa og atvinnuþátttöku?
- Er einhver þróun eða breyting á viðhorfum og grundvallarskoðunum í samfélaginu sem getur haft áhrif?
- Aðrar samfélagslegar- og menningarlegar breytur?

Tæknilegir þættir

- Er einhver ný tækni að ryðja sér til rúms?
- Er ný tækni við sjóndeildarhringinn sem gæti innan tíðar haft stórvægileg áhrif á greinina og viðfangsefnið?
- Hvaða hefur verið gert til að undirbúa slíkar breytingar? Eru vörur og þjónusta að breytast vegna tæknilegrar þróunar?
- Eru stjórnvöld og menntakerfið að einbeita sér í einhverja tiltekna átt í samræmi við tækniþróun?
- Gæti þróun tækninnar haft áhrif á innviði og uppbyggingu þeirra?
- Aðrir tæknilegir þættir sem geta skipt máli?

Lagalegir þættir

- Eru breytingar á lagaumhverfinu fyrirsjáanlegar sem munu hafa áhrif á viðfangsefnið?
- Hvernig er umræðan um lagarammann sem greinin starfar innan?
- Er lagaramminn skýr? Eru reglugerðir aðgengilegar í framkvæmd og eftirfylgni?
- Annað lagalegt?

Umhverfisþættir

- Hvaða þróun er í náttúrunni sem hefur áhrif á umhverfið okkar?
- Hvaða breytingar eru við sjóndeildarhringinn sem þarf að takast á við, fyrr en síðar, vegna breytinga í náttúrunni?
- Hvernig er atvinnulífið og stjórnvöld að búa í haginn? Munu þau þurfa að bregðast við eða verður allt klárt?
- Aðrir umhverfislegir þættir?

“

Það hefur tekist að byggja raforkukerfið í samræmi við þarfir.

20 forgangsstig

Það hefur tekist að byggja upp raforkukerfið í samræmi við þarfir

Raforka er hryggurinn í íslenskum hversdegi. Dagleg verkefni okkar byrja jafnan og enda með notkun rafmagns. Þá gildir einu hvort það er heima, í vinnu eða í félagslífi og áhugamálum.

Það er góð hugarleikfimi að leita eftir og einangra þau verkefni sem krefjast ekki rafmagns en skapa á sama tíma verðmæti eða þróun í samfélaginu.

Rafmagn er orka Íslands. Rafmagn er hreyfiaflið á bak við dagleg verkefni og verðmætasköpun.

Það gerist ekkert án rafmagns. Það er því ótrúleg gæfa að hafa aðgengi að endurnýjanlegum orkuauðlindum sem hægt er að virkja með lágmarks- eða afturkræfum áhrifum á náttúruna.

Breytingar á næstu 10 árum geta átt sér ólíkan uppruna, eins og greiningar fulltrúa í Hagsmunaráði sýna. Efnahagslegar breytingar geta innihaldið bæði þrengingar og vöxt.

En hvort sem gerist, þá þarf svæðisbundinn aðgangur að öruggu rafmagni liggja fyrir. Fyrir utan hina augljósu heildrænu uppbyggingu þá er ekki síður mikilvægt að leggja áherslu á smáar svæðisbundnar framkvæmdir, þannig að svæði verði ekki eins viðkvæm fyrir stóra kerfinu.

Með traustu raforkukerfi þá geta atvinnusvæði um allt land nýtt möguleika, tækifæri og nauðsyn til vaxtar eða sjálfsbjargar.

LANGTÍMAUPPBYGGING FLUTNINGSKERFISINS

Það hefur tekist að byggja raforkukerfið í samræmi við þarfir

Tuttugu forgangsstig

Það hefur tekist að byggja raforkukerfið í samræmi við þarfir.

Mikilvægi

Frammistaða

Í mati á mikilvægi fékk sviðsmyndin fullt hús stiga þegar þátttakendur mátu mikilvægi þess að sviðsmyndin yrði að raunveruleika árið 2030.
Þátttakendur á fundinum töldu frammistöðuna slaka og nauðsynlegt sé að gera betur. Þegar borið er saman mikilvægi þessarar sviðsmyndar, þá þarf greinilega að gera betur, þar sem mikilvægi sviðsmyndarinnar um raforkuframleiðslu í samræmi við þarfir kom ótvírætt fram í mati þátttakenda.

Miðað við það að verkefnið er fremst í forgangi en núverandi frammistaða er metin slök, þá er virkilega mikilvægt að spýta í lófana og greina hvað þarf að gera til að efla frammistöðuna.

Stjórnmál

Jöfnun atkvæðisréttar – landið eitt kjördæmi. Það þarf að taka tillit til þarfa íbúa á landsbyggðinni.

Einkavæðing orkufyrirtækja gæti leitt til afskiptaleysis af veikasta hluta markaðarins.

Tenging við Evrópu vegna þrýstings tilskipana sem leiði til minni áherslu á öryggi í byggðum og meiri á millilandatengingu en aukið erlent fjármagn gæti leitt til styrkingar..

Efnahagsmál

Orkunotendur draga saman seglin þrátt fyrir nægt orkuframboð. Getur leitt til minnkandi tekna og frestun framkvæmda en getur einnig leitt til aukinnar fjölbreytni og nýjum notendum á markaði.

Almennur samdráttur í þjóðfélaginu, getur þýtt seinkun úrbóta en einnig tækifæri til áherslu á smáar svæðisbundnar framkvæmdir og smærri orkuframleiðendum.

Veiking krónu

Samfélag & menning

Minnkandi skilningur á þörf fyrir jöfnun aðstöðu fyrir íbúa landsins (t.d. orkuverð, eldsneytisverð, orkuöryggi, ofl) Getur leitt til þess að minni fjármunir verði til framkvæmda á dreifbýlli svæðum.

Tæknin

Engir punktar.

Lagaumhverfi

Engir punktar.

Náttúran

Engir punktar.

“

Orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti er lokið

9 forgangsstig

Orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti er lokið

Árið 2018 kostuðu Íslendingar til 115 milljörðum króna til innflutnings á eldsneyti og smurolíum.

Hversu margar af þessum hundraðogfimmtánþúsund milljónum fara til samgagna og hvernig myndu þær þúsundir milljóna nýtast öðruvísi ef orkuskipti í samgöngum eru farsæl og frágengin?

Viðhorf til jarðefnaeldsneytis og áhrif bruna þess á loftslag jarðarinnar hvetja til skiptanna og jarðvegur breytinganna hefur verið undirbúinn. Ef orkuskiptum í samgöngum á að vera lokið árið 2030 þá er mikilvægt að hvatar og hindranir séu hannaðir til að flýta fyrir.

Þar eru lög og reglugerðir áhrifaríkustu tækin sem geta falið í sér skattabreytingar og bönn sem heimili og atvinnulíf geta fært sér í nyt. Bættur hagur heimila og atvinnurekstrar er öflugur hvati.

Á Íslandi getum við notað innlendan orkugjafa, sparað gjaldeyri, byggt upp þekkingu á nýrri tegund innviða. Á Íslandi getum við skapað störf við uppbyggingu nýrra innviða og styrkt ímynd Íslands. Ísland er græn eyja þar sem fólk kann að lifa í samlyndi við náttúruna.

Fólk á eyju sem er sjálfbær um framleiðslu endurnýjanlegrar orku, til verðmætasköpunar og lífsgæða, finnur hugsanlega síður fyrir sveiflum á heimsmarkaðsverði jarðefnaeldsneytis þannig að atvinnulíf og daglegt fjölskyldulíf verður síður útsett fyrir áföllum í virðiskeðju jarðefnaeldsneytis.

LANGTÍMAUPPBYGGING FLUTNINGSKERFISINS

Orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti er lokið

Níu forgangsstig

Orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti er lokið

Mikilvægi

Frammistaða

Mikilvægi þess að orkuskiptum sé lokið árið 2030 var talin mjög mikilvæg og fékk fullt hús stiga frá þátttakendum og sviðsmyndin hefur því ótvírætt mikilvægi í hugum þátttakenda.

Núveranda staða sviðsmyndarinnar um orkuskipti er talin vera heldur góð og þátttakendur mátu stöðu orkuskipta þannig að þau séu á réttri leið til að verða að raunveruleika árið 2030, þannig að jarðefnaeldsneyti sé ekki í notkun í samgöngum.

Stjórnmál

Breyting á niðurfellingum á vsk. breytingar á hvatakerfi. Allar breytingar á hvatakerfi geta aukið eða dregið úr kraftinum.

Bönn eða takmarkanir á mengandi orkugjafa sem getur leitt til hraðari þróunar en á sama tíma þá kann það að vera kostnaðarsamt að byggja upp innviðina.

Efnahagsmál

Innlendur orkugjafi en skortur á innviðum sem eru fjárfrek en sparnaður á gjaldeyri kemur í móti.

Almennt efnahagsástand og kaupmáttur getur hægt á innleiðingu vistvænna bíla en gott ástand með skýrum hvötum getur flýtt fyrir.

Verð á eldsneyti og skilyrði í heiminum sem kalla á skýra hvata, sérstaklega ef eldsneytisverð hækkar lítið.

Samfélag & menning

Kynslóðaskipti – yngra fólk hefur minni fjárráð er kannski opnara fyrir breytingunni.

Minnkandi atvinnuþátttaka og fjórða iðnbyltingin sem hægir á innleiðingu vegna stöðnunar í afkomu heimilanna, ásamt því sem bílaflotinn eldist.

Tæknin

Tækniþróun vistvænna farartækja – mögulega verður tækniþróun ekki nægilega ör eða framboð ekki nægjanlegt. Að sama skapi getur samspil verðs og drægni vistvænna ökutækja flýtt innleiðingu.

Lagaumhverfi

Alþjóðleg löggjöf hefur áhrif á íslenska lagasetningu – hún getur valdið tefjandi deildum og ósætti í samfélaginu sem hægir á breytingum en í henni geta líka falist tækifæri til aukins hraða.

Náttúran

Loftslagsbreytingar hvetja alla til þess að draga úr losun.

Þurrð á orkugjöfum getur hraðað breytingum.

Hráefni í battery (kóbalt) hefur áhrif á verð, ekki síst ef hráefnið fer að takmarkast en á sama tíma felast tækifæri í því að finna aðrar lausnir.

“

Sátt náðist um skipulag orkumála í gegnum orkustefnu

9 forgangsstig

Sátt náðist um skipulag orkumála í gegnum orkustefnu

Orkustefna er til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld á hverjum tíma við ákvarðanatöku um beislan og miðlun orku til verðmætasköpunar og notkunar í atvinnulífi og fjölskyldulífi. Lagarammi um nýtingu orkuauðlinda þarf að vera í samræmi við þá hugmynd að eyju sem Íslendingar vilja byggja.

Það felast lífsgæði í aðgengi að öruggri orku, hvort sem er í daglegum störfum eða á ögurstundu.

Það felast lífsgæði og hugarró í vitundinni um fjölbreyttar undirstöður verðmætasköpunar í atvinnuháttum þjóðarinnar. Það felast lífsgæði í því að byggja eyju sem sér íbúum auðveldlega fyrir orku sem drífur áfram og veitir hryggjarstykkið í verðmætasköpun atvinnulífsins.

Væntingar um lífsgæði og verðmætasköpun virðast vera í lykilhlutverki þegar rætt er um sátt um skipulag raforkumála. En ef væntingar eru ekki skýrar eða ekki hefur tekist að tengja væntingar við skilning á nauðsynlegum innviðum til að standa undir þeim væntingum, þá er ólíklegt að sátt verði til.

Engu skiptir hverju skuli tjaldað til í orkustefnu eða öðrum stefnum ef væntingar til lífs og afkomu á Íslandi eru ekki þekktar. Hverju er þá stefnt að í orkustefnu ef þær væntingar eru ekki þekktar?

Hvernig getur fólk orðið sátt um eitthvað sem hefur ekki verið skilgreint og ekki búið að mynda nauðsynleg hugrenningatengsl milli nauðsynlegra innviða og væntinga til lífsskilyrða?

Svörin við þessum spurningum leiða fram skilgreiningu á æskilegri notkun raforku. Er raforkunotkun á Íslandi í dag í samræmi við skilning fólks á „æskilegri notkun“? Hver eru lífsgæðin á Íslandi í dag þegar helstu þekktu mælivarðar eru spurðir?

Orkustefna þarf að leiða fram ramma um ákvarðanir um skipulag orkumála þannig skammtímahugsun, arðgreiðslur, gjaldtaka eða skattlagning takmarki ekki sveigjanleika kerfisins til uppbyggingar og nýsköpunar. Stefna stjórnvalda í umhverfismálum verður að endurspeglast í orkustefnu þannig að orðspor Íslands einkennist af virðingu fyrir náttúrulífi, mannlífi og efnahagslífi sem saman mynda sterka heild sjálfbærni.

Í hverju felst sátt um skipulag orkumála?

LANGTÍMAUPPBYGGING FLUTNINGSKERFISINS

Sátt náðist um skipulag orkumála gegnum orkustefnu

Níu forgangsstig

Sátt náðist um skipulag orkumála í gegnum orkustefnu

Mikilvægi

Frammistaða

Sviðsmyndin um sátt um stöðu orkumála á grunni orkustefnunnar hlaut fullt hús stiga þegar þátttakendur voru beðnir að meta mikilvægi hennar og að hún yrði orðin að veruleika árið 2030.

Frammistaðan er ekki nægilega góð, samkvæmt mati þátttakenda á fundinum. Sátt á grunni orkustefnu er því ekki langt komin og miðað við það, þá er nauðsynlegt að gera betur. Mikilvægi og frammistaða fara hér ekki saman, það er verk að vinna til að loka þessu bili. Sé sviðsmyndin svo mikilvæg sem fundurinn kemst að niðurstöðu um, þá þarf að tilgreina og framkvæma þau verkefni sem loka þessu bili milli mikilvægis og núverandi frammistöðu.

Stjórnmál

Skilgreining á æskilegri notkun raforku getur leitt til sóunar og eyðileggingar á hagkvæmni en gæti líka þýtt að meiri orka fer í málefni sem eru þóknanleg.

Sátt næst í orkumálum sem leiðir til betri fókuss í fjárfestingum en það getur tafist ef fjármagn skortir.

Stefna stjórnvalda ekki í þágu umhverfismála sem veldur landinu orðsporsskaða.

Efnahagsmál

Gjaldtaka og skattlagning geta hamlað eðlilegri þróun og uppbyggingu en geta að sama skapi skilað hagnaði til eigenda.

Efnahagshrun getur leitt til skammtímahugsunar sem ógnar langtíma uppbyggingu.

Arðgreiðslur orkufyrirtækja þar sem peningar eru teknir út úr geiranum en gæti leitt til samfélagslegrar sáttar.

Samfélag & menning

Skipulagsstefna skýr sem leiði til betri fókuss og hnitmiðari fjárfestingu en hún standi ekki í vegi fyrir nýsköpun.

Tæknin

Fjórða iðnbyltingin getur falið í sér hátt flækjustig, verið orkufrek og leitt af sér of marga framleiðendur.
Á sama tíma gæti framleiðsla orðið fjölbreyttari og þróun rafhlaða birtir áður óséðar sviðsmyndir.
Þá gæti hún leitt til þess að flutningskerfi þurfi ekki að vera jafn afkastamikið.

Lagaumhverfi

Orkupakki 4 innleiddur getur leitt til hækkandi orkuverðs og aukinnar neytendaverndar.

Náttúran

Öfgar í veðurfari halda áfram að aukast og því þarf meiri fjármuni til að byggja upp kerfi, sem leiðir þá til aukins hraða í uppbyggingu.

Náttúruvá vegna jarðhræringa getur lagt heitavatnskerfi í hættu.

Rafbílavæðing gerist hraðar en uppbygging innviða, sem leiði til þess að fólk letjist og missi áhugann.

“

Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda

6 forgangsstig

Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda

Raforkukaupendur sem nota ákveðið magn af raforku yfir ákveðinn tíma, teljast til stórnotenda og þeir nota m 80% af raforkuframleiðslu á Íslandi.

Aukin fjölbreytni í þeim hópi notenda sem teljast til stórnotenda er væntanlega eftirsótt vegna þess að þannig dreifist áhættan í atvinnulífinu, þannig að sveiflur eða skammtímaáhrif séu síður eins fyrir alla notendur, samtímis.

Þær auðlindir sem stórnotendur þurfa eru orka, land, samgöngu- og flutningainnviðir fyrir aðföng og fyrir sölu og markaðssetningu á framleiðsluvöru.

Á Íslandi eru þessi skilyrði fyrir hendi en trúlega þarf að skoða hentugleika þeirra í samhengi við markaði og samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðamarkaði sem geta starfað á forsendum íslenskrar orku, lögum, innviðum, eyjar – með öllum kostum og göllum sem því fylgir.

Í greiningu frá fulltrúum Hagsmunaráðs kemur fram ný verkefni verði að falla að skilyrðum um sterka sjálfbærni umhverfis, efnahags og samfélags. Á tímum hagvaxtar ætti að vera greiðara aðgengi að fjármagni til nýsköpunar í orkufrekum iðnaði.

Hin hliðin á þeirri krónu er stuðningur ríkis og sveitarfélaga við ný verkefni með áherslu á nýsköpun á samdráttar eða erfiðleikatímabilum.

Skammtímasjónarmið eða einstrengisleg stefna ráðandi stjórnmálaflokks ógna möguleikum til aukinna fjölbreytni ef lausna er leitað á þröngu sviði eða leitað í einföldustu lausnirnar sem virka vel til skamms tíma, en síður til lengri.

Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda getur falið í sér tækifæri til aukinna atvinnumöguleika á landsbyggðinni, þar sem hentugleiki til verðmætasköpunar veltur á fleiri þáttum en þeim sem þéttbýlið á Suðvesturlandi býður uppá.

Það eru tækifæri og möguleikar til tæknivæddrar matvælaframleiðslu með lágmarks umhverfisspori, byggð á umbreytingu orku í fæðu.

LANGTÍMAUPPBYGGING FLUTNINGSKERFISINS

Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda

Sex forgangsstig

Fjölbreyttari notkun meðal stórnotenda.

Mikilvægi

Frammistaða

Viðfangsefnið þykir töluvert mikilvægt að mati þátttakenda og sem fyrr væri rétt að spyrja hvað Landsnet geti, eigi eða megi taka sér fyrir hendur til að fjölbreyttari notkun verði að veruleika meðal stórnotenda.

Núverandi frammistaða er talin hvorki góð né slæm og spurning hvernig þátttakendur vilji túlka það „afstöðuleysi“ sitt. Er núverandi staða, sem hvorki né, er ásættanleg þá þarf ekkert að aðhafast. En ef Hagsmunaráð telur að frammistaðan þurfi að vera merkilegri en hvorki né, þá þarf að skilgreina það hvernig Landsneti geti farið að, við að auka fjölbreytnina.

Stjórnmál

Stefna þess flokks sem er við stjórn er ógn ef hún er einstrengisleg og aukið atvinnuleysi getur hjálpað til við að koma „slæmum“ kostum í gegn.

Landsbyggðapólitíkin getur leitt af sér betri atvinnumöguleika á landsbyggðinni en neikvæðra umhverfisáhrifa á sama tíma.

Umhverfispólitík sé einstrengisleg og fá verkefni komist í gegnum nálaraugað og Ísland tapi umhverfisvænum stórnotenda-tækifærum sem hafa ekki neikvæð umhverfisáhrif.

Efnahagsmál

Góður hagvöxtur með greiðara aðgengi að fjármagni til nýsköpunar í orkufrekum iðnaði en til hans ríki neikvætt viðhorf.

Samdráttur leiði til erfiðleika við fjármögnun verkefna en þá gætu ríki og sveitarfélög reynst mikilvæg með því að liðka fyrir nýsköpunarverkefnum.

Samfélag & menning

Engir punktar

Tæknin

Engir punktar

Lagaumhverfi

Engir punktar

Náttúran

Engir punktar

Umsjón með vinnustofu
Kristinn Hjálmarsson
Nótera Facilitation
Grandagarði 16
101 Reykjavík
sími: 840 6886

kristinn@notera.is
www.notera.is

UNNIÐ FYRIR LANDSNET

Nótera

HAGSMUNARÁÐ
LANDSNET